

## SÁTT SAMKEPPNISEFTIRLITSINS OG SAMTAKA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

### vegna brota Samtaka fjármálafyrirtækja á 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga og 4. gr. ákvörðunarorðs ákvörðunar nr. 17/2004

Samkeppniseftirlitið og Samtök fjármálafyrirtækja, kt. 440107-0870, Borgartúni 35, 105, Reykjavík (hér eftir „SFF“), hafa gert með sér eftirfarandi sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins.

Með sátt þessari viðurkenna SFF að hafa brotið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, og 4. gr. ákvörðunarorðs ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 17/2004.

Vegna framangreinds fallast SFF á að greiða stjórnvaldssekt, sbr. 3. gr. sáttarinnar og að fara að þeim fyrirmælum sem fram koma í 2. gr.

SFF hafa við meðferð málsins tekið fram að með háttsemi sinni og samskiptum hafi það ekki verið ásetningur samtakanna að raska samkeppni.

#### 1. gr.

SFF viðurkenna að hafa brotið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt viðurkenna SFF að hafa brotið gegn 4. gr. ákvörðunarorðs ákvörðunar nr. 17/2004, og þannig brotið gegn fyrirmælum sem hvíla á samtökunum vegna fyrri brota af sama toga. Brotin felast í því að SFF fóru með opinbert fyrirsvar varðandi verðlagningu og þjónustu aðildarfyrirtækja sem starfa á váttryggingarmarkaði. Fólust í þessu samskipti á vettvangi SFF og greinarskrif samtakanna sem birtust opinberlega, dags. 25. maí 2021 og 8. september 2021.

Með framangreindum greinarskrifum tjáðu SFF sig opinberlega um verðlagsmál viðkomandi aðildarfyrirtækja samtakanna og héldu uppi vörnum um verðlagsstefnu þeirra. Því hafi markmið, orðalag og undirbúningur umræddra greina farið gegn nefndum ákvæðum samkeppnislaga og 4. gr. ákvörðunarorðs ákvörðunar nr. 17/2004.

#### 2. gr.

Í því skyni að koma í veg fyrir frekari brot á samkeppnislögum og ákvörðun nr. 17/2004 skuldbinda SFF sig til þess að birta greinargóðar upplýsingar um það á heimasíðu sinni til hvaða aðgerða samtökin hafa gripið til þess að tryggja að farið sé að fyrirmælum ákvörðunar nr. 17/2004 og með því komið í veg fyrir að brot endurtaki sig.

#### 3. gr.

Vegna framangreindra brota fellst SFF á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 20.000.000 króna (tuttugu milljónir kr.). Sektina skal greiða inn á reikning 0001-26-25874, kt. 540269-6459, í eigu ríkissjóðs eigi síðar en mánuð eftir dagsetningu þessarar sáttar.

#### 4. gr.

Með undirritun sáttar þessarar telst því máli lokið sem lýtur að þeim brotum sem tilgreind eru í 1. gr. þessarar sáttar gagnvart SFF. Í samræmi við lokamálslið 1. mgr. 17. gr. f. samkeppnislaga er sáttin bindandi fyrir SFF.




Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Sátt þessi er gerð með fyrirvara um afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA hvað varðar beitingu 53. gr. EES-samningsins.

Reykjavík, 21. mars 2022

f.h. Samkeppniseftirlitsins



Páll Gunnar Pálsson

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Katrín Júlíusdóttir